

**Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans á Akureyri um að Akureyrarbær 61**  
**megi byggja kvennaskóla og barnaskóla í fjelagi við Eyjafjarðarsýslu. — Þjer hafið 9. maí**  
 herra bæjarfógeti, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 12. marz þ. á., leitað samþykkis míns á samningi, er bæjarstjórnin á Akureyri hefir gjört við sýslunefndina í Eyjafjarðarsýslu, um að byggja í sameiningu kvennaskóla og barnaskóla á Torfunefi milli Akureyrar og Oddeyrar, þó með því skilyrði, að Akureyrarbær leggi til einn sjötta part af þeim kostnaði við bygging og viðhald kvennaskóladeildarinnar framvegis, sem sýslan annars kynni að þurfa að leggja fram.

Útaf þessu læt jeg eigi hjá liða þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg hjer með veiti hið umbeðna samþykki.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um 62**  
**notkun utanríkisskipa við síldveiði. Þjer hafið, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi 9. maí**  
 19. f. m., leitað úrlausnar minnar á eptirrituðum fyrirspurnum:

1. Má fastakaupmaður eða lausakaupmaður, sem notar útlent skip, kaupa síld upp úr síldarlás og flytja beint um borð í skipið, búa hana þar undir til útflutnings, og svo flytja hana til annara landa?
2. Má maður, sem notar útlent skip, kaupa síld eða afla af bát við skipshlíðina, þótt aflinn eða síldin hafi eigi verið flutt í land?
3. Má sá, sem hefir rjett til að veiða í landhelgi, nota leigt útlent skip þannig:
  - a. til að verka aflann á og búa hann út til útflutnings með því að salta hann eða leggja hann í is,
  - b. flytja hann á til annara landa og
  - c. til bústaða fyrir veiðimenn sína?

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð, yður til leiðbeiningar og til birtingar fyrir vicekonsúl Carl D. Tulinius á Eskifirði, sem hefir óskað úrlausnar á þessum fyrirspurnum, að fyrstu og annari fyrirspurninni ber að svara neitandi, svo framarlega sem með orðinu »útlent skip« er meint hið sama sem sagt væri »utanríkisskip«. Um þriðju fyrirspurnina er það að segja, að jeg er yður samdóma um, að það sje óheimilt að nota utanríkisskip til bústaðar fyrir veiðimenn við veiði í landhelgi, en að það út af fyrir sig sje ekki ólöglegt að nota utanríkisskip til þess að flytja út síld, eða verka hana, þótt í landhelgi sje, sbr. brjef mitt 20. júlí 1894 (Stjtið. 1894, B bls. 122).

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um sveit- 63**  
**festi þurfalings<sup>1</sup>. Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 20. f. m., hafið þjer, herra 18. maí**

1) Úrskurður amtmanns er svolátandi:

Eptir að hreppsnefndin í Kjósarhreppi hafði áfrýjað til amtsins úrskurði yðar, velborni herra sýslumaður, dags. 10. nóvbr. f. á., sem ákveðið er með, að Ásgrimur nokkur Bjarnason, sem sökum veikinda hefur þegið fátækrastryrk í Reykjavík á árinu 1894, skuli álitast sveitlægur í Kjósarhreppi, og jeg síðan með þóknanlegu brjefi yðar, dags. 14. f. m., með-

**63** amtmaður, sent mjer erindi hreppsnefndarinnar í Kjósarhreppi, 26. ágúst f. á.,  
 13. maí þar sem hún átrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettum 27. júlí f. á., er kveður  
 svo á, að Ásgrímur nokkur Bjarnason skuli teljast sveitlægur í Kjósarhreppi.

Útaf þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar  
 leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að jeg er samþykkur ástæðum  
 þeim, er úrskurður yðar er byggður á, skal hann standa óraskaður, sbr. lands-  
 höfðingjaúrskurði 5. janúar og 26. maí 1893 (Stjtið. 1893, B. bls. 1—2 og 62—63).

**64** Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um  
 13. maí sveitarútsvar. — Með þóknalegu brjefi dagsettu 20. marz þ. á., hafð þjer, herra  
 amtmaður, borið undir úrskurð minn ágreining, sem orðið hefir milli hrepps-  
 nefndarinnar í Vopnafjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu og verzlunarstjóra Örum  
 & Wulffs verzlunar á Vopnafirði, Ólafs Davíðssonar, út af því að hreppsnefndin  
 hafði lagt aukaútsvar á verzlunarfulltrúa tjeðrar verzlunar, W. Bache, haustið  
 1893.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega gefið til vitundar til  
 þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að hinn umræddi  
 ágreiningur er um það, hvort dvöl tjeðs W. Baches og atvinnu á Vopnafirði  
 sumarið 1893 hafi verið þannig varið, að honum bæri skylda til að greiða þar  
 sveitarútsvar eða ekki, þá heyra úrslit þessa máls undir dómstólana, og er úr-  
 skurður sá, sem sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu hēfur lagt á málið með brjefi  
 6. nóvbr. 1894, því ógildur.

**65** Brjef landshöfðingja til stiðtsyfirvaldanna um lántöku handa Lundarkirkju. —  
 13. maí Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, veiti jeg hjer  
 með leyfi til, að presturinn að Lundi taki 500 kr. lán handa kirkjunni, er ávaxt-  
 ist og afborgist af tekjum hennar, en tekjur prestakallsins sjeu að veði til frek-  
 ari tryggingar, þó þannig, að 200 krónum af umræddu láni sje varið til endur-  
 borgunar eptirstöðvum eldra láns (frá 1889), er á kirkjunni eða prestakallinu  
 hvílir.

tekið eptiræskta umsögn hreppsnefndarinnar í Kjalarnesshreppi, fæðingarsveit Ásgríms þessa,  
 um málefni þetta, úrskurðast það á þessa leið:

Ásgrímur Bjarnason, sem er fæddur 1856 á Esjubergi í Kjalarnesshreppi, hefur eptir  
 því, sem fram er komið í málinu, dvalið 10 ár samfleytt í Kjósarhreppi, eptir að hann var  
 kominn af ómagaaldri, og þar af 2 ár í húsmennsku á Þúfu. — Þessa húsmennskudvöl hans  
 álitur hreppsnefndin í Kjósarhreppi ólögmeta af því, að Ásgrímur Bjarnason hafi eigi haft  
 leyfi hreppsnefndarinnar til húsmennsku nje heldur beðið um slíkt leyfi, en þegar það er að-  
 gætt, að hreppsnefndin aldrei amaðist við honum út af þessu eða andæfði í móti lögmati  
 dvalar hans í hreppnum, heldur lagði á hann útsvör til hreppsins, verður eigi annað álitíð,  
 en að hreppsnefndin hafi þegjandi samþykkt húsmennskudvöl hans, og úrskurðast því hjer-  
 með, að Ásgrímur Bjarnason hafi með 10 ára lögmati dvöl í Kjósarareppi unnið sjer þar  
 sveitfesti.